



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

FÉLA2KR05

Kenningar og rannsóknir

Kennari:	Eyrún B. Magnúsdóttir	Sk.st.	EBM
-----------------	------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um frumkvöðla félagsfræðinnar og kynntar helstu kenningar og rannsóknaraðferðir greinarinnar. Tengsl einstaklinga og samfélags eru skoðuð og greind í ljósi ólíkra kenninga. Í áfanganum er farið yfir vítt svið félagsfræðinnar og nemendur fá þjálfun í að beita félagsfræðilegu innsæi við túlkun á samfélaginu. Viðfangsefni líkt og frávik, félagsleg lagskipting, kynhlutverk og áhrif fjölmiðla er einnig meðal efnisþátta. Kynntar verða eigindlegar og meginlegar rannsóknir og nemendur fá þjálfun í að beita rannsóknaraðferðum og fylgja vísindalegu rannsóknarferli auk þjálfunar í að túlka gögn og niðurstöður annarra rannsókna.

Undanfari: FÉLA2BY05

Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Helstu frumkvöðlum félagsfræðinnar og framlagi þeirra til greinarinnar,
- kenningarsjónarhornum félagsfræðinnar; samskipta-, samvirkni- og áttakeningum,
- meginlegum og eigindlegum rannsóknaraðferðum,
- helstu grundvallarhugtökum félagsfræðinnar.

Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Tengja saman rannsóknarniðurstöður og kenningar,
- greina á milli ólíkra kenninga og beita þeim á mismunandi viðfangsefni samfélagsins,
- beita félagsfræðilegum hugtökum í fræðilegri og samfélagslegri umfjöllun,
- beita rannsóknaraðferðum á mismunandi viðfangsefni,
- geta sett fram þekkingu sína í ræðu og riti.

Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Sjá félagsleg málefni út frá mismunandi kenningarlegum sjónarhornum,
- sjá og fjalla um samfélagið á gagnrýninn hátt,
- geta lagt mat á rannsóknir í félagsvísindum,
- geta metið eigið vinnuframlag og annarra,
- öðlast skilning á eigin stöðu og hlutverki í samfélagi,
- taka fræðilega afstöðu til samfélagslegra álitamála.

Námsefni:

Efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dæmi:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	6. – 8. jan	Kynning á áfanganum – skipulag.	Verkefni 5%
2 - 3	11. – 22. jan	Hamingja í félagslegu samhengi.	Vinnustofa. 12%.
4-5	25. jan – 5. feb	Kenningar í félagsfræði.	Verkefni. 6%
6-7	8. – 19. feb	Samskiptakenningar.	Vinnustofa og verkefni. 10%
8-9	22. feb – 4. mars	Upprifjun á efni.	Gagnapróf. 15%
10-11	7. – 18. mars	Frávik og menning.	Verkefni. 6%
13-14	30. mars – 8. apr	Trúarbrögð og samfélag.	Vinnustofa og verkefni. 10%
15	11. – 15. apríl	Lagskipting.	Verkefni. 6%
16-17	18. – 29. apríl	Fjölmiðlar og kynhlutverk.	Vinnustofa og verkefni. 10%
18-19	2. – 11. maí	Samantekt og úrvinnsla. Hóppróf.	Hóppróf 10%. Könnun. 10%

Sérreglur áfangans:

Nauðsynlegt er að taka bæði gagnapróf og hóppróf. Gerð er krafa um 90% skilaskyldu verkefna. Ef nemandi getur ekki skilað verkefni vegna óviðráðanlegra orsaka skal hann tala við kennara um leið og það er ljóst. Síðasta vika annarinnar getur verið notuð til að vinna það upp með sérverkefnum.. Mætingarskylda er í samræmi við reglur skólans. Farsímar eru leyfðir án hljóðs og leikja, eingöngu til náms, í samráði við kennara. Fjarvera úr kennslustund lengur en 10 mín samsvarar fjarvist nema kennari taki annað fram.

Fyrirkomulag námsmats:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Vinnustofur og verkefni	8-9 einstaklings/hópverkefni.	65%
Próf	Gagnapróf og hóppróf.	25%
Könnun	Könnun í lok annar.	10%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Eyrún B. Magnúsdóttir – eyrunbm1@gmail.com